



5. fundur stjórnar LH 2022-2024
6. mars 2023 kl. 19:30
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Ólafur Gunnarsson og Edda Rún Ragnarsdóttir úr aðalstjórn, Randi Holker, Valdimar Magnús Ólafsson og Birna Tryggvadóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir úr aðalstjórn, Sveinn Heiðar Jóhannesson og Gróa Baldvinsdóttir úr varastjórn.

Forföll boðaði: Hákon Hákonarson

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Verkefnastaða í nefndum

Stjórnarmenn fóru yfir stöðu verkefna í þeim nefndum sem þeir eiga sæti í.

Landsliðsnefnd: Góður gangur í nefndinni, verið að vinna í að fá fleiri styrktaraðila.

Keppnisnefnd: Nefndin er að fara yfir reglupakkann fyrir birtingu 1. apríl.

Menntanefnd: Dagur reiðmennskunnar hjá Fákí telur til endurmenntunar, fyrirhugað er að halda menntaráðstefnu í haust og undirbúningur er hafinn.

Æskulýðsnefnd: Fundur verður haldinn í næstu viku.

Tölvunefnd: hefur fundað mjög stíft, mörg mál eru að þokast áfram. Gæðingalist er í forritun í Sportfeng, tenging milli Sportabler og Sportfengs hefur gengið upp og ofan, og verið að finna lausnir á þeim vandræðum sem hafa komið upp.

Mannvirkjanefnd: Komnar upplýsingar frá kynbótageiranum um hvaða kröfur landsmótsstaður þarf að uppfylla og verið að vinna í listum yfir aðrar lágmarkskröfur.

3. Drög að samstarfi við HorseDay

Viðræður standa yfir um mögulegt samstarf LH og HorseDay, varðandi að birta niðurstöður árangurs í keppni í HorseDay-appinu, líkt og gert er í LH Kappa í dag, þessar upplýsingar yrðu fyrst um sinn á opnum aðgangi í HD-appinu.

Ljóst er að LH hefur lítið bolmagn til að þróa LH Kappa-appið og tölvunefnd er jákvæð á að leita eftir samstarfi við HorseDay, en skiptar skoðanir voru um þetta í nefndinni. Kappi yrði áfram til og myndi birta allar niðurstöður áfram.

Afgreiðsla: Tölvunefnd falið að halda áfram með viðræður við HorseDay um mögulegt samstarf.

4. Verðlaun í samanlögðum greinum á Íslandsmóti barna og unglinga 2022 – erindi frá æskulýðsnefnd

Æskulýðsnefnd fékk ábendingu um að ekki hefði öllum Íslandsmeisturum á Íslandsmóti barna og unglinga 2022 verið gert jafn hátt undir höfði þar sem samanlagðir Íslandsmeistarar barna og unglinga



fengu ekki eignarbikar líkt og aðrir Íslandsmeistarar 2022. Nefndin leggur til að þessi mismunun verði leiðrétt og bætt verði í samninga við mótshaldara í framtíðinni að allir Íslandsmeistarar fái eignarbikar til minningar um árangurinn.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Tillaga á landsþingi 2022 á þskj 28 – erindi frá Valdimar Ólafssyni varamanni í stjórn LH

Á landsþingi 2022 lagði GDLH fram tillögu um að keppnishestar í gæðingakeppni megi taka þátt í öðrum aldursflokki á sama móti, líkt og heimilt er í íþróttakeppni, með það fyrir augum að gera gæðingakeppni aðgengilegri. Keppnisnefnd LH og keppnisnefnd á landsþingi mæltu gegn samþykkt tillögunnar og var hún felld á landsþingi. Rökin fyrir því að fella tillöguna voru að til umræðu væri í keppnisnefnd FEIF að fella þessa grein úr reglum um íþróttakeppni á FEIF-þingi 2023 en það var ekki gert. Það er ósk VÓ að þetta mál verði tekið upp aftur og rætt, bæði vegna þessa að forsendur hafa breyst frá því í haust og á þinginu var samþykkt að stjórn hafi nú heimild til að taka upp breytingar á keppnisreglum, eftir tillögum keppnisnefndar, og samþykkja á milli Landsþinga.

Afgreiðsla: Vísað til keppnisnefndar til umfjöllunar.

6. Minnisblað starfshóps um stöðu reiðvegamála – til bókunar

Starfshópur um stöðu reiðvega á Íslandi var skipaður af Innviðaráðherra sl. haust. Hópurinn skilaði minnisblaði til ráðherra um forgangsriðun reiðvega til samgönguáætlunar 2023-2027. Í samstarfi við reiðveganefndir um allt land var lagt mat á ástand reiðvega og gerð gróf áætlun um hverra úrbóta er þörf á hverju svæði. Lögð hefur verið fram tillaga að áætlun um fjárveitingu til uppbyggingu og viðhalds reiðvegakerfisins til 15 ára.

Starfshópurinn mun skila endanlegri skýrslu til ráðherra í byrjun maí.

7. Áskorun til Matvælaráðherra um bætt vaktþjónustu dýralækna – til bókunar

Bréf sent til Matvælaráðherra og yfirdýralæknis MAST þar sem LH tekur undir áskorun Dýralæknafélags Íslands um að vaktþjónusta dýralækna um land allt verði tryggð.

8. Skipun Úrskurðar- og aganefndar – samþykkt milli funda

Aðalmenn:

María Júlía Rúnarsdóttir, Sörla
Ólafur Haraldsson, Herði, formaður
Pétur Örn Sverrisson, Spretti

Varamaður:

Gísli Guðmundsson, Snæfellingi
Þormóður Skorri Steingrímsson, Fáki

9. Önnur mál

- a. Formannafundur
- Hugmyndir að málstofum:
 - Social licence to operate



Ofbeldi og áreiti
Mótahald

b. Uppskeruhátíð

Nefnd um uppskeruhátíð hefur fundað stíft og er að ræða mögulegar dagsetningar og útfærslur.

Fundi slitið kl. 20.40